

Borgarráð

Efni: Svar við fyrirspurn um auglýsingakostnað


Á fundi borgarráðs þann 18. september 2014 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina:

Framsókn og flugvallarvinir leggja fram fyrirspurn um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um auglýsingakostnað Reykjavíkurborgar, eftir því í hvaða miðlum er og hefur verið auglýst vegna ársins 2013 og 2014. Einnig óskast upplýst hvort að borgin geri sérstaka auglýsingasamninga við fjölmíðla.

Svar við fyrirspurninni:

Á árinu 2013 var auglýsingarkostnaður Reykjavíkurborgar (þ.e. Aðalsjóður og Eignasjóður á bókhaldslyklum 5470 *auglýsingagerð* og 5471 *auglýsingar birting*) kr. 115.238.846, þar af var kostnaður við birtingu auglýsinga kr. 110.233.240. Taflan og myndin hér að neðan sýna nánar skiptingu þessakostnaðar á árinu 2013 á miðla og þá sem tóku að sér að annast birtingu auglýsinganna. Af þessu sést að stóru miðlarnir, 365-prentmiðlar, RÚV og Morgunblaðið hafa verið með um 30% en ekki kemur fram hvort eitthvað hinu hefur ratað inn í þessa miðla eða verið einvörðungu á vefmiðlum eða birt með öðrum hætti.


5471 Auglýsingar Birting : 01.01.13 - 31.12.13		
1	365 - prentmiðlar ehf	19.446.215 kr.
2	Ríkisútværið ohf	8.523.703 kr.
3	H.Pálsson ehf	8.061.484 kr.
4	Árvakur hf	5.538.311 kr.
5	Hvita húsið ehf	4.923.534 kr.
6	Auglýsingamiðlun ehf	4.312.574 kr.
7	Reykjavíkurborg	4.075.623 kr.
8	MD Reykjavík ehf.	4.018.258 kr.
9	Útgáfufélagið Heimur hf	3.479.055 kr.
10	Capacent ehf	3.404.526 kr.
11	Upplýsingaveitur ehf	3.156.524 kr.
12	Skrautás ehf	3.103.028 kr.
13	Markaðsnetið ehf	3.016.425 kr.
14	Icelandair ehf	2.703.408 kr.
15	Fótspor ehf	2.438.448 kr.
16	Aðrir	30.032.124 kr.
Samtals		110.233.240 kr.





Auglýsingarkostnaður það sem af er árinu 2014 (m.v. 22.9.2014) nemur kr. 96.750.075, þar af vegna birtningar auglýsinga kr. 90.361.976. Taflan og myndin hér að neðan sýna nánar skiptingu þessa kostnaðar það sem af er árinu 2014 á miðla og þá sem tóku að sér að annast birtingu auglýsinganna. Af þessu sést að stóru miðlarnir, 365-prentmiðlar, RÚV og Morgunblaðið reynast enn vera með um 30% en ekki kemur fram hvort eitthvað hinu hefur ratað inn í þessa miðla eða verið einvörðungu á vefmiðlum eða birt með öðrum hætti.

5471 Auglýsingar Birtning : 01.01.14 - 31.08.14		
1	365 - prentmiðlar ehf	18.679.761 kr.
2	Árvakur hf	4.666.460 kr.
3	MD Reykjavík ehf.	4.550.879 kr.
4	Ríkisútværpið ohf	3.944.499 kr.
5	Hvíta húsið ehf	3.548.459 kr.
6	H.Pálsson ehf	3.531.261 kr.
7	Upplýsingaveitir ehf	2.925.624 kr.
8	Pipar Media ehf.	2.909.258 kr.
9	Morgundagur ehf	2.585.552 kr.
10	Icelandair ehf	2.502.314 kr.
11	Skrautás ehf	2.465.072 kr.
12	Markaðsnetið ehf	2.275.161 kr.
13	Útgáfufélagið Heimur hf	2.180.717 kr.
14	Borgarblöð ehf	2.107.145 kr.
15	Hagvangur ehf	2.102.543 kr.
16	Aðrir	29.387.271 kr.
Samtals		90.361.976 kr.



*Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri*